



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Leikskólinn Rauðhóll

Starfsáætlun 2025– 2026



Vinátta – virðing - vellíðan

Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.





Efnisyfirlit

1	Greinargerð leikskólastjóra	4
2	Greinargerð verkefnastjóra	5
3	Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2024-2025	7
3.1	Mat á vinnu í gróðurhúsi og ævintýraferðum.....	9
3.2	Stofnun ársins - Borg og bær 2024.....	11
3.3	Foreldrakönnun Skóla-og frístundasviðs Reykjavíkurborgar 2025	12
4	Umbótaáætlun leikskólans 2025-2026.....	13
5	Innra mat	19
5.1	Innra mat Lita 2024-2025.....	19
5.2	Innra mat Ævintýra og Björnslundar 2024-2025.....	21
6	Umbótaáætlun deilda 2025-2026	22
7	Starfsþróunarsamtöl og fræðsla almennt út frá umbótapáttum leikskólans.	23
8	Samstarf við Norðlingaskóla.....	24
9	Foreldrasamvinna.....	25
9.1	Foreldrafélag skólaárið 2024 – 2025.....	25
9.2	Foreldraráð skólaárið 2024-2025.....	25
10	Skipulagsdagar og leikskóladagatal	27
	Fylgiskjöl	28





1 Greinargerð leikskólastjóra

Veturinn var kraftmikill og góður í dásamlegu verðri sem gerði hann auðveldari í alla staði. Hann litaðist að verkfallsaðgerðum þó svo að það hafi staðið í viku en ferlið fyrir verkfall langt og tók það verulega á fólkið okkar.

Það er ómetanlegt að hafa svona dásamlegt foreldrasamfélag. Þökkum við stuðningskveðjurnar og samheldnina í foreldrahópnum þegar þessar aðgerðir voru.

Ég var mjög stolt af okkar fólki meðan á verkfalli stóð þar sem þau stigu fram sem sterkir fagmenn og fóru í fjölmiðla mörgum sinnum. Því við verðum að fræða samfélagið um stöðu leikskólans en það vantar 2500 leikskólakennara til að fara að lögum. Það eru 100 leikskólakennarar að útskrifast á hverju ári og stéttin hefur verið að eldast hratt svo að þeir sem eru að ljúka störfum eru mun fleiri. Einnig hefur verið byggt mikið af nýjum leikskólum síðustu ár og plássum fjölgað. Það má því segja að kerfið okkar sé að molna innan frá. Við sem samfélag verðum að hugsa hvernig viljum við búa að börnunum okkar.

Mig langar að benda ykkur á okkar frábæra fólk sem steig fram og vakti athygli á stöðu leikskólakennara og leikskólans í verkfallsvikunni. Við erum bæði öll stolt af stéttinni á meðan við höfum líka áhyggjur af stöðunni í leikskólum landsins.

Kennarar reyni að standa saman - Sjónvarp - Vísir
Fagmenntun er réttur barna en ekki lúxus - Vísir
Kennarar klæðast svörtu í dag - Vísir
Myndskeið: Mótmæli kennara berast inn í þingsal
Flýja leikskólana yfir í grunnskólana - Sjónvarp - Vísir

Rauðhóll varð í öðru sæti í stofnun ársins og fékk nafnbótina Fyrirmyndar stofnun 2024. Þetta er eitthvað sem við erum ótrúlega stolt af og eigum saman öll, börn, foreldrar og kennarar. Starfsmannaviðtöl á vordögum komu vel út og var fólk ánægðari í vinnunni og leið betur. Einnig finnum við að aukinn áhugi á samstarfi á milli deilda og að hittast fyrir utan vinnu er að styrkjast hjá okkur eftir takmarkanir covid áranna.

Það eru tveir nýútskrifaðir leikskólakennarar sem kláruðu master í leikskólafræðum í vor í vinnu hjá okkur. Einn starfsmaður kláraði master í mannauðsstjórnun og annar kláraði BA í sálfræði. Næsta vetur verða tveir starfsmenn í masternámi í leikskólafræðum og tveir starfsmenn halda áfram í B.ed. náminu. Nokkrir starfsmenn sóttu um grunnnám í leikskólafræðum sem er mjög ánægjulegt. Einnig sótti einn um í master námi.



2 Greinargerð verkefnastjóra

Áherslur vetrarins 2024-2025

- Áhersla deilda lýtur að virðingu, samkennd og kurteisi
- Þróunarverkefnið Stilla um hæglátt leikskólastarf
- Endurskoðun skólanámskrár Rauðhóls
- Námsgæði leikskólans-útbúa efni í möppur fyrir samverustundir
- Skipulagning og móttaka nýliða



Plakat um agastefnu Rauðhóls, Uppeldi sem virkar, færni til framtíðar, kom út síðasta haust og var kynnt á foreldrafundum í báðum húsum. Læsisplakat ásamt bæklingi kom út um áramótin og var sent til kynningar á foreldra í tölvupósti. Efnið má nálgast á vefsíðunni Raudholsgledin.com. Foreldrar fá nánari kynningu á læsisáætlun Rauðhóls á foreldrafundum í haust.

Á skipulagsdegi í September voru Emilía og Hrefna sérkennslustjórar með erindi um Uppeldi sem virkar-færni til framtíðar. Jónína deildarstjóri sagði frá skapandi starfi og Andrea deildarstjóri var með erindi um jólagjafagerð í Rauðhól. Einnig kom Björgvin Frans Gíslason leikari og var með erindi um streitu. Á starfsmannafundi í september var nýliðum boðið saman á fund þar sem m.a. var farið yfir starfslýsingu Rauðhóls og ýmis hagnýtt mál sem viðkoma starfinu. Í nóvember voru Nína og Magnea deildarstjórar með erindi um hæglæti en vel hefur tekist tel að tileinka sér það í matsal á litum og hvíldartíma á ævintýrum. Á skipulagsdegi í janúar var unnið með hæglæti á deildarfundum. Einnig var námskrárvinna með Kristínu Hildi frá SFS þar sem farið var í hópavinnu. Verkfall setti svip sinn á starfið í febrúar sem og greinaskrif og viðtöl í fjölmiðlum. Í mars voru deildafundir ásamt styrkleikavinnu og gleði til að styrkja okkur frá stuðnings- og ráðgjafateymi Reykjavíkurborgar, þeim Sigurbjörgu Sigurpálsdóttir og Sóley Kristjánsdóttir. Við fengum heimsókn frá leiðtogum kennaraþings sam haldið var í Hörpu, sem var mikill heiður og



gaman að sjá hvað þeir voru áhugasamir um starf Rauðhóls. Á starfsmannafundi í maí sagði Edda Lydia deildastjóri í Björnslundi frá rannsókn sinni, sem KÍ styrkti, hvernig við grípum áhuga barnanna og fræðum þau úti í náttúrunni. Sigga Stína sagði frá meistaraverkefni sínu um eflingu áhuga starfsfólks á útinámi á einni deild leikskólans. Maríanna sagði frá B.A. verkefni sínu í sálfræði sem fjallar um samband hlýleika foreldra og hegðunarvanda. Niðurstöður sýndu að það er síður hegðunarvandi hjá börnum sem alast upp við hlýleika í uppeldi. Magnea sagði frá vinnustofum á Akureyri með hópnum í Stillu verkefninu og var með kynningu um hæglæti. Á starfsmannafundi í júní sagði Júlía frá meistaraverkefni sínu í leikskólafræði en viðfangsefnið var hæglæti í leikskólastarfi. Fyrir áramót var lögð áhersla á foreldrasamstarf og að kynna foreldrum fyrir hæglæti og eftir áramót var áhersla lögð á hvernig hægt er að virkja starfsfólk deildarinnar til að innleiða hægláta starfshætti í daglegt starf. Heiða Rún sagði frá sínu meistaraverkefni í mannauðsstjórnun en rannsókn hennar er um hæglæti í starfi þar sem fjallað var um hvernig hæglæti birtist í leikskólastarfi og áhrif þess á starfsánægju og vellíðan starfsfólks.

Nú er þriðja og síðasta árið í þróunarverkefninu okkar Stillu framundan en það er verkefni sem við erum búin að vinna með Háskólanum á Akureyri, Háskóla Íslands og tveimur prófessorum við Háskólann í Austur-Noregi, Kari Carlsen frá Noregi og Alison Clark. Alison er höfundur bókarinnar sem við erum að vinna hæglætið okkar út frá: Slow knowledge and the unhurried child. Verkefnið hefur heillað okkur og hæglætið tengist beint flæðinu og flæðið tengist hæglætinu. Við sjáum núna ekki alveg hvernig hægt er að vera í hæglæti án flæðis og öfugt.

Í vetur voru fjarfundir og leshópar í verkefninu á sex vikna fresti og við lukum vetrinum í vinnustofu á Akureyri saman. Fulltrúar háskólanna hér heima, Anna Magnea Hreinsdóttir og Kristín Dýrfjörð auk Kari Carlsen frá Noregi og Alison Clark frá Orkneyjum.

Samstarfsleikskólarnir okkar Aðalþing, Ugluklettur og Iðavöllur sendu einnig sína fulltrúa. Dagarnir gengu vel í djúpri vinnu, ígrundun og endurmati á verkefninu. Við fórum í heimsókn á Iðavöll sem var mjög skemmtileg og fræðandi. Við vorum með kynningu á hvernig hæglætið er hjá okkur, hvernig við sjáum framtíðina í því og hvað við höfum lært. Tveir starfsmenn í Rauðhól tóku hæglæti fyrir, annars vegar í starfendarannsókn og hins vegar mastersritgerð. Verkefnin þeirra styrktu okkur og fengum við ótrúlega innsýn á áhrif





hæglætis á starfsfólk. Fólk upplifir minni streitu, meiri núvitund í starfi og kemur ekki eins búið á því heim eins og áður eftir vinnu. Við erum svo heppin að hafa verið boðið áframhaldandi samstarf við Alison Clark í nýju verkefni sem einnig tengist hæglæti. Það ber heitið „Being us“ og er með þremur öðrum skólum í Skotlandi.

Kristín Einarasdóttir bauð okkur að taka þátt í samstarfi um einingakubba ásamt nokkrum öðrum leikskólum. Það felst m.a. í að taka saman það efni sem til er um kubbana og finna því aðgengilegan farveg til að viðhalda þekkingu innan stéttarinnar. Myndað var teymi með Kristínu sem heldur reglulega vinnufundi.

Fjöltýngis-og læsisteymi hittist í vetur, einnig hittust kubbateymi, námskrárteymi og útiteymi. Teymin hefðu mátt hittast oftar. Einnig eru nokkrar nefndir sem skipuleggja ýmsa viðburði og uppákomur til þess efla starfsandann. T.d. óvissunefnd, menningarnefnd, nefnd sem skipuleggur óvænta viðburði, gleðistundarnefnd og árshátíðarnefnd.

Sigríður Sigurjónsdóttir verkefnastjóri

3 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2024-2025

Stjórnun 1.2	Hlutverkaskipting á móttöku nýliða skýr
Hvernig fór matið fram?	Fundir hjá stjórnendum, einstaklingsviðtöl við leikskólastjóra.
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Stjórnendur.
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Þessi þáttur náðist að hluta. Stjórnendur héldu starfsmannafund fyrir nýliða í september. Ætlunin er að hafa slíka fundi í september og nóvember 2025. Leikskólastjóri tók einstaklingsviðtöl við nýliða í desember. Í verkfalli kennara í KÍ í febrúar sl. fékk starfsfólk Eflingar og Sameykis fræðslu um Uppeldi sem virkar- færni til framtíðar. Einnig var góð samvinna starfsfólks í daglegu starfi. Búið er að festa stöðufundi næsta skólaár, tvo á hvorri önn til þess að fara yfir markmið starfsáætlunar.





Mannauður 3.1		Regluleg endurgjöf til leiðbeinenda á deildum
Hvernig fór matið fram?		Stjórnendafundur.
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)		Stjórnendur, deildastjórar.
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)		Í byrjun haustsins vorum við með nýliðafræðslu á starfsmannafundi fyrir alla nýliðana okkar. Í desember átti leikskólastjórinn einkaviðtal við alla sem höfðu byrjað hjá okkur um haustið. Næstum allir deildarstjórar tóku snerpuviðtöl við starfsfólk á deildunum, ýmist voru það viðtöl að hausti, vori eða bæði. Allir deildarstjórar voru sammála um það að langir deildarfundir á skipulagsdögum hefðu skilað miklu í samstarfi með starfsfólkinu á deildunum. Þar náðu þau að fara á dýptina og ræða vel saman án þess að hafa áhyggjur af barnahópnum á meðan. Á yngri deildum nýtti deildarstjóri einnig tímann til upplýsingagjafar. Deildir notuðu sameiginlega spjallþræði til að koma upplýsingum til skila og það hefur veitt starfsfólki öryggi að fá þær markvisst og vera vel upplýst.

Innra mat fjöltyngis	
Hvernig fór matið fram?	Fundir með fjöltyngisteymi, deildastjórafundir, sérkennslustjórum og stjórnendum.
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Starfsmenn og stórnendur.
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Þekking og skilningur hefur aukist. Markmið okkar er að barnið sem er að læra íslensku líði vel í leikskólanum. Við höfum fengið Sögu Stephensen verkefnastjóri fjölmenningar frá Skóla og frístundasviði til þess að veita ráðgjöf á deildafundum. Við höfum metið stöðu hjá





	hverju og einu barni og leitað leiða til þess að styðja við og styrkja barnið og fjölskyldur þess bæði í íslensku, heimamáli barnsins og í daglegu starfi í leikskólanum. Hæfinrammar hafa verið notaðir á öllum deildum ásamt aðferðinni Gefðu 10. Áskorun er að fækka börnum í hópum, t.d. samverustundum. Vinna meira með skráningu í móttökuáætlun.
--	---

Sérkennsla	
Hvernig fór matið fram?	Samtal við deildarstjóra, skráning niðurstaðna eftir fundi
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Sérkennslustjórar og deildarstjórar.
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Almenn ánægja með lausnaleitarfundi sem eru 5 yfir skólaárið en það var of þétt til að fá svigrúm til að vinna úr fundunum á milli. Fækka þeim niður í 3-4 fundi yfir skólaárið. Börn gleymdust síður, meiri eftirfylgni sem leiddi til færri tilvísana á 2 stig.

3.1 Mat á vinnu í gróðurhúsi og ævintýraferðum

Gróðurhús


Við fengum styrk fyrir Bambahúsi skólaárið 2023-2024. Nú í ár var þetta því annað árið sem við höfum verið að rækta í gróðurhúsinu. Byrjað var að forrækta inni á deildum frá því í mars, þar sem börnin settu niður fræ og sáu svo um að vökva. Græðlingarnir voru færðir út í gróðurhúsið eftir því sem fór að vora. Tegundir sem við höfum prófað að rækta í vor eru kál, sykurbauur, radísur, gulrætur, sólblóm, hádegisblóm, morgunfrú, ýmsar kryddjurtir eins og steinselju og dill, kartöflur og jarðaber sem eru fjölær og lifðu frá því í fyrra. Allt (nema jarðaberi) var ræktað frá fræjum hjá okkur og hefur þetta gengið vonum framar og verið mikil gróska í gróðurhúsinu. Börnin eru mörg hver mjög áhugasöm og spennt fyrir því að vökva, reita arfa, umpotta og sinna þeim verkefnum sem þarf í gróðurhúsinu hverju sinni. Starfsfólk hefur einnig verið virkara en fyrst um sinn enda erum við erum að læra betur inn á hvað gengur vel og hvaða vinnubrögð virka best. Þetta seinna ár hefur því gengið töluvert betur en fyrsta árið enda byggðum við á reynslunni síðan í fyrra. Í smiðjum með 1. bekk úr



Norðlingaskóla var ein stöð í gróðurhúsinu þar sem börnin settu niður sólblómafræ og tóku það svo heim með sér þegar það var búið að spíra.

Við vinnum að markmiðum aðalnámskrár með vinnunni í gróðurhúsinu, m.a. læra börnin hvernig fræ verður að plöntu, hvernig matvæli eru ræktuð og verða til, hvernig við sýnum umhyggjusemi og virðingu fyrir plöntum og náttúrunni í heild sinni. Einnig læra börnin um ólíkar hringrásir og ferla í náttúrunni.

Við fengum foreldra í samstarf síðastliðið sumar um að vökva í sumarfríinu og munum við gera eins nú í sumar. Þá fá áhugasamir foreldrar númerið að tölulásnum og geta kíkt við og vökvað með börnum sínum í sumarfríinu. Áhugi er á að fá gróðurhús á Litina fyrir yngri börnin.



Ævintýraferðir og útinám

Reglulega er farið í ævintýraferðir í nærumhverfi leikskólans. Þá er farið í mislangar ferðir á ólíka staði, oftast fótgangandi en stundum með strætó. Áhugi barnanna og ytri aðstæður (t.d. veður og árstími) hverju sinni ráða för um hvert er farið og hvað er gert.

Náttúran er skoðuð og fylgst er með árstíðarbreytingum. Í ferðunum er m.a. skoðað plöntur, smádýr, fuglar og fleira sem við sjáum og svo er frjáls leikur alltaf til staðar í ferðunum. Börnin læra að þekkja örnefni í nærumhverfinu, læra að klæða sig eftir veðri, auka seiglu og úthald ásamt því að fá þjálfun í félagslegri færni (þegar þarf t.d. að halda hópinn og koma vini til hjálpar). Yfirleitt er nesti með í för, yfir veturinn er kakó fastur liður, ásamt kexi, rúsínum eða ávöxtum. Með reglulegum ævintýraferðum reynum við að stuðla að minni streitu og auka vellíðan, heldur sú vinna áfram næsta vetur.



Ytra mat

3.2 Stofnun ársins - Borg og bær 2024

Vinnustaðir með 50 starfsmenn eða fleiri.

Eins og sjá má í töflu 1 fór Leikskólinn Rauðhóll úr 12.sæti frá því í fyrra og upp í 2.sæti og er komin í hóp Fyrirmyndarstarfsstaða en efstu fimm fá það heiti. Þessi úrslit eru mjög ánægjuleg fyrir leikskólann en bæta má þátttöku starfsfólks á næsta ári. Heildareinkunn er 4,438. Svarhlutfall var 50-59%. Stjórnun, ánægja og stolt ásamt ímynd skora hátt eða yfir 4,72. Skoða mætti þá þætti sem skora lægst en þeir eru jafnrétti, starfsandi og sveigjanleiki. Það verður fræðsla næsta vetur um fjöltyngi og fjölbreytileika ásamt því að vinna gegn fordómum.

	Einkunn Rauðhóls	Meðaltal stofnana
Ímynd stofnunar:	4,72	3,97
Stjórnun:	4,79	4,23
Ánægja og stolt:	4,73	4,26
Jafnrétti:	4,68	4,38
Starfsandi:	4,68	4,30
Sveigjanleiki í vinnu	4,43	4,18

Tafla 1





3.3 Foreldrakönnun Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar 2025



Svarhlutfall og bakgrunnur barnanna

Leikskóli

Rauðhóll

129

Fjöldi svara


148

Fjöldi í úrtaki


87,2%

Svarhlutfall reiknað


Fjöldi svara eftir kyni



Fjöldi svara eftir tungumálaumhverfi



Fjöldi eftir fæðingarári



Mynd 1

Eins og sjá má á mynd 1 var svarhlutfall foreldra 87,2% sem má teljast mjög gott.



Hæstu og lægstu 5 meðalskor

Fimm hæstu meðalskor leikskólans 2025 í samanburði við Reykjavík

Meðaltal Meðaltal Reykjavík



Fimm lægstu meðalskor leikskólans 2025 í samanburði við Reykjavík



Leikskóli

Rauðhóll

Barninu líður vel

97,7%

2023: 98,3%

Barninu er öruggt

96,9%

2023: 98,3%

Styður þarfir barns

99,2%

2023: 97,4%

Notalegt andrúmsloft

98,3%

2023: 98,2%

Skólanum vel stjórnað

96,6%

2023: 98,2%

Ánægja með skólann

99,2%

2023: 96,4%

Hlutfall sem segist hafa fengið viðbótar stuðning

19,6%

Mynd 2





Samkvæmt mynd 2 eru nokkrir þættir sem fá háa einkunn. Þrír þættir skora 4,9 af 5 mögulegum en það eru þættirnir: Foreldrar geta mælt með leikskólanum við aðra foreldra, ánægja með leikskólann þegar á heildina er litið (99,2%, en 96,4% árið 2023) og foreldrar upplifa jákvætt og vingjarnlegt andrúmsloft í leikskólanum. Einnig sammælast foreldrar um að leikskólanum sé vel stjórnað eða 4,8. Ánægja er með samskipti og viðmót starfsfólks við barnið eða 4,7. Þessir þættir eru hærri en meðaltal yfir aðra leikskóla Reykjavíkurborgar. Leikskólinn styður við þarfir barns að mati 99,2% foreldra en árið 2023 var talan 97,4%. Þessar niðurstöður eru mjög ánægjulegar fyrir stjórnendur og starfsfólk Rauðhóls og viðurkenning á því góða starfi sem fer fram.

Lægstu þættirnir eru að stjórnendur eru til staðar í daglegu starfi, starfsfólk þekkir þarfir barnsins og markvisst er unnið með stefnu og markmið leikskólans. Þessir þættir eru með skorið 4,5. Þátturinn foreldrar geti fengið ráð um uppeldi, heilsu og samskipti er með töluna 4,4. Ofangreindir þættir eru hærri en meðaltal Reykjavíkurborgar. Munum við vinna meira með þessa þætti og fara þeir í umbótaáætlun leikskólans. Áhrif faliðunar á fjölskyldulífið skorar 2,3 en Rauðhóll þarf sem betur fer ekki að grípa oft til hennar og hefur hún því ekki mikil áhrif á fjölskyldulíf.

4 Umbótaáætlun leikskólans 2025-2026

1. Stjórnun	
Umbótaþáttur	1.1-Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi Umbótaþáttur út frá foreldrakönnun SFS.
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Að stjórnendur séu til staðar í daglegu starfi.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Stjórnendur séu til skiptis í báðum húsum og sýnilegir foreldrum.
Ábyrgð	Leikskólastjórnendur.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haust 2025, - viðvarandi.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Skráning á viðveru.
Viðmið um árangur	Stjórnendur eru reglulega í báðum húsum og sýnilegir foreldrum.





1. Stjórnun	
Umbótaþáttur	1.2 Stjórnun leikskólans og daglegur rekstur.
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Persónuupplýsingar eru varðveittar í læstum hirslum eða í læstum skráum í tölvum.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Stjórnendateymi þarf að skipuleggja uppsetningu inni í Hlöðunni.
Ábyrgð	Stjórnendur
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September'25 – maí'26.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið	Fundir hjá stjórnendateymi á haustönn og vorönn. Endurmat í maí hvort þurfi að bæta við skipulagið í Hlöðunni.
Viðmið um árangur-	Skipulag í Hlöðunni tilbúið og hægt er að setja efni inn jafnóðum.

1. Stjórnun	
Umbótaþáttur	1.5 Skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Endurskoðuð agastefna, læsis áætlun, hugmyndafræði um hæglæti ásamt endurbótum á öðrum köflum námskrárinnar lagfærðir eftir þörfum. Út frá þeirri vinnu er markvisst unnið með stefnu og markmið leikskólans(foreldrakönnun SFS).
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Stjórnendur, sérkennslustjórar, teymi og allt starfsfólk Rauðhóls tekur þátt á skipulagsdögum, starfsmannafundum og nýtir undirbúningstíma í vinnuna.
Ábyrgð	Stjórnendur og námskrár teymi.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haut'24, lokið vor 26.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið	Námskrárteymisfundir, deildastjórafundir, starfsmannafundir, skipulagsdagar, viðtal við börn.
Viðmið um árangur-	Endurskoðuð skólanámskrá Rauðhóls er tilbúin og útgefin.





Mannauður	
Umbótaþáttur	3.1 Hlutverk leikskólakennara.
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Aukið samstarf milli deilda sem eru með börn á sama aldri.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Ræða reglulega á deildastjórafundum um verkefni og samvinnu deildanna.
Ábyrgð	Deildastjórar.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Ágúst 2025 – maí 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Fundir, viðtal við börn.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Samstarf hefur átt sér stað þar sem starfsfólk hefur deilt hugmyndum og barnahópurinn hefur haft tækifæri til að hittast og kynnast.

Mannauður	
Umbótaþáttur	3.2 Fagmennska starfsfólks.
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Starfsfólk þekkir þarfir barnsins en sá þáttur skoraði meðal þriggja lægstu í foreldrakönnun SFS.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Deildafundir eru haldnir reglulega og viðfangsefni þeirra eru börnin, nám þeirra og staða.
Ábyrgð	Stjórnendur, deildastjórar.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Ágúst '25- maí '26.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Deildafundir, fundir með sérkennslustjórum eftir þörfum.
Viðmið um árangur	Starfsfólk þekkir þarfir barnanna á deildinni sinni og er meðvitað um hvernig á að mæta þeim.





Leikskólabragur	
Umbótaþáttur	4.4 Viðhorf foreldra- Leitast er við að koma til móts við óskir foreldra.
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Skv. foreldrakönnun SFS vilja foreldrar fá ráð um uppeldi, heilsu og samskipti.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Foreldrum stendur til boða námskeið sem heitir Streita tengd foreldrahlutverkinu sem Daðey Albertsdóttir sálfræðingur og Ásgerður Arna Sófusdóttir hjúkrunarfræðingur halda.
Ábyrgð	Sérkennslustjórar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Október 2025.
Hvenær og hvernig á að meta?	Mat eftir námskeiðið, hvort það hafi staðist væntingar.
Viðmið um árangur	Foreldrar verði ánægðir með efni námskeiðsins og að hægt sé að nýta sér það í styrkingu á foreldrahlutverkinu.

Innra mat	
Umbótaþáttur/matsþáttur	5.1 Skipulag og viðfangsefni. Leiðir að markmiðum, s.s. verkefni, aðgerðir, áætlanir og verkferlar, eru hluti af innra mati.
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Unnið að uppfærslu aðgerðaáætlunar vegna Regnbogavottunar.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Ný aðgerðaáætlun útbúin.
Ábyrgð	Magnea Arnar, regnbogateymi.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Maí 2025-maí 2026.
Hvenær og hvernig á að meta?	Fundir hjá regnbogateymi, könnun.
Viðmið um árangur	Þættir aðgerðaáætlunar hafa verið framkvæmdir að öllu leyti eða að hluta til.





Fjöltyngi	
Umbótaþáttur/matsþáttur Stjórnun	1.5 Áætlun um upphaf leikskólagöngu barna er til og unnið er samkvæmt henni.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Búa til móttökuáætlun fyrir börn af erlendum uppruna fyrir Rauðhól og styðja betur við íslenskunám fjölyngdra barna í Rauðhól. Halda áfram vinnu við að virkja starfsfólk í Rauðhól til þess að mæta þörfum barna og foreldra þeirra sem eru með fjölbreyttan tungumála og menningarbakgrunn. Styðja við kennara til þess að vinna markvisst að íslenskunámi barna sem eru með fjölbreyttan tungumála og menningarbakgrunn.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Áður en ný börn byrja í haust er mikilvægt að vera búin að yfirfara og lagfæra þau atriði sem eru í fyrsta viðtali hjá okkur á Rauðhól sem fjalla um barnið og fjölskyldur þess sem eru með fjölbreyttan tungumála og menningarbakgrunn. Styðja við íslenskunám fjölyngdra barna í gegnum leik bæði á inni og útisvæðum. Með það að markmiði að barnið fái að njóta sín í leikskólanum og styrki eigin sjálfsmynd og persónuleika. Gefa barni tækifæri á að vera í minni hópum sem er að læra íslensku. Þróunarverkefni um hæglæti sem leikskólinn er þátttakandi í samræmist áherslum okkar varðandi vinnu með börnum sem eru með fjölbreyttan tungumála og menningarbakgrunn. Styrkja og efla starfsfólk til þess að mæta þörfum fjölyngdra barna. Benda á ýtarefni og koma inn á deildafundi með ráðgjöf/samtal Nýta áfram aðferðina Gefðu 10 ásamt því að fylla út hæfniramma.
Ábyrgð	Verkefnastjóri Fjölmennningar. Ingibjörg Jónasdóttir.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haut 2025, lokið vor 2026.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Reglulegir foreldrafundir. Deildafundir nýttir til þess að fara yfir stöðuna hjá barni sem er að læra íslensku. Sérkennslustjórar Rauðhóls og verkefnastjóri fjölmennningar bjóða upp á að koma inn á deildafundi með ráðgjöf eða fræðslu fyrir starfsfólk. Virkja starfsfólk sem er í fjölmenningarteymi Rauðhóls til þess að skrá líðan og framfarir barna. Nota Hæfniramma til þess að meta stöðu barna sem eru að læra íslensku og nýta aðferðina Gefðu 10.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Það er aukinn áhugi starfsfólks og vilji til þess að gera betur. Árangur er sýnilegur í líðan barnana í leikskólanum. Móttöku áætlun er tilbúin og starfsfólk er meðvitaðra um að fækka börnum í hópum. Túlkar hafa verið nýttir oftar í viðtölum og fundum.





Sérkennsla	
Umbótaþáttur/matsþáttur 2. Uppeldis-og menntastarf	2.5 Leikskóli án aðgreiningar/leikskóli margbreytileikans. Mati, úrræðum og verkefnum er fylgt eftir með skipulögðum hætti.
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Halda áfram með reglulega lausnarleitarfundi Búa til „fræðslubanka“ inn á sameign sem kennarar geta auðveldlega deilt með sér verkfærum og hugmyndum.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Halda áfram með lausnarleitarfundi en fækka þeim í 3-4 yfir skólaárið í stað 5 sinnum svo svigrúm gefist til að vinna úr upplýsingum og setja inn áætlun og markmið.
Ábyrgð	Sérkennslustjórar.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2025 – júní 2026.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Fylgjast með hvort fundirnir séu haldir reglulega. Markmið endurskoðuð á hverjum fundi og staða barns metin.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Færri tilvísanir til Austurmiðstöðvar. Færri óformlegir fundir deildarstjóra og beiðnir um utanaðkomandi ráðgjöf. Snemmtæk íhlutun verði markvissari og börn „gleymist“ síður. Sjáum þetta sem leið til betri og faglegri vinnubragða.



5 Innra mat

5.1 Innra mat Lita 2024-2025

Styrkleikar

Uppeldis og menntastarf 2.4

Unnið er reglulega með sögur, söngva og þulur

Það er samverustund að lágmarki einu sinni á dag á þremur deildum af fjórum, yfirleitt oftast. Mikið er unnið með vísur, sönglög, bækur og tónlist. Til staðar er kassi og plastvasar með ýmsu efni. M.a. loðtöflumyndir með lögum, viðarleikföng við lög, fingrabrúður, bækur og efnivið tengd þeim. Unnið er með endurtekningar og sama efnið notað aftur og aftur. Samverustundir eru alltaf vinsælustu stundirnar og það gengur mjög vel að fá börn í samveru og eru þær oft notaðar til að ná ró á hópinn. Á einni deild er verið að vinna með málhljóð Lubba, ásamt því að klappa atkvæði, læra um litina, að læra að ríma og læra um formin. Allt nám fer fram í gegnum leik og söng og efniviður er aðgengilegur fyrir alla kennara. Það hafa líka verið lesnar sögur og sungin lög sem hafa verið skipt út reglulega og það er mappa með lögum inn á deild. Þau lög sem eru sungin eru sýnileg á veggnum hverju sinni.

Leikskólabragur 4.2

Milli barnanna ríkir virðing og samkennd

Við kennum þeim að tala fallega við fólk þegar þau eru að byrja að nota orðin sín. Við erum vinir, við erum góð við hvort annað og kennum þeim að setja mörk. Segja stopp ef þau vilja ekki eitthvað og kenna þeim strax hvernig þau geta sett mörk. Kennarar stíga alltaf inn í en það hjálpar mikið að það er alltaf kennari á gólfinu, sitjandi hjá börnunum og sér hvað fer fram. Á annarri deild höfum var börnunum kennd hugtökin virðing, samkennd og kurteis með því að vera góðar fyrirmyndir. Við komum fram við öll börn af virðingu og kurteis og sýnum þeim samkennd ef þeim líður illa. Þau eru að æfa sig að biðja um það sem þeim vantar eða langar í en ekki rífa af næsta barni. Við erum ansi samtaka þegar kemur að því að takast á við neikvæð samskipti og er það líka gert af virðingu. Einnig læra börnin virðingu mikið til með því til dæmis að ganga frá eftir sig, hengja upp fötin sín eða standa í röð og bíða þar til kemur að þeim. Æfum þau í að tala fallega til hvers annars. Á tveimur deildum er rætt um kurteis og bendum börnunum iðulega á ef þau eru sérstaklega kurteis. Til dæmis að nota orðið „Viltu“ (Viltu rétta mér vatnið?) Samkennd kennum við með því að hjálpa börnunum að setja sig í spor annarra (æi sjáðu hvað hann er leiður, hann saknar mömmu sinnar). Þau læra líka ákveðna samkennd og virðingu fyrir náunganum með því að umgangast börn á deildinni sem eiga erfiðan dag vegna. Þau læra að bera virðingu fyrir því að við erum öll ólík og enginn er eins.





Tækifæri

Uppeldis og menntastarf 2.4

Unnið er reglulega með sögur, söngva og þulur

Á einni deild er að vissu leyti til fjölbreytt efni í möppu en mætti vera meira. Á þessu skólaári hefur samverustund verið fremur ómarkviss á einni deild. Við teljum að við mættum standa okkur betur þar og hafa hana markvissari en hún var markvissari fyrir áramót. Við viljum efla söng, vísur og rím. Mánaðarlögin frá Siggú Möggu hafa hjálpað helling til og aukið úrvalið af sönglögum og vísum. Vonandi heldur hennar góða starf áfram á næsta ári.

Leikskólabragur 4.2

Milli barnanna ríkir virðing og samkennd

Á einni deild var talað um að börnin hafi ekki þroska til að skilja almennilega hugtökin virðing og samkennd vegna aldurs þeirra. Á annarri deild geta börnin eflaust ekki útskýrt þessi hugtök ef þau eru spurð en nota þó hugtök eins og þolinmæði og fleiri skemmtileg hugtök.



5.2 Innra mat Ævintýra og Björnslundar 2024-2025

Styrkleikar

Uppeldis og menntastarf 2.4

Unnið er reglulega með sögur, söngva og þulur

Hvíld er á hverjum degi þar sem börnin hlusta á sögu eða lesin er bók fyrir þau. Samverustundir eru frá þrisvar sinnum í viku á einni deild upp í tvisvar á dag á annarri. Það er sungið með börnunum og þeim kenndar þulur. Við höfum nýtt tækifærin sem gefast til umræðu og kennslu þegar börnin sýna einhverju áhuga t.d. á rími, klappa atkvæði, frásögn o.fl. Unnið er með frásögn t.d í formi bókaormur vikunnar og börnunum er leyft að segja frá sínu daglega lífi. Þetta á við um bæði smærri og stærri hópa. Samverustundirnar hafa einnig verið nýttar í að ræða viðeigandi samskipti, vináttu og hvað fylgir því að tilheyra hópi, rætt er um fjölbreytileika og einkastaði. Einnig er rætt um veðrið, vikudaga og það sem er framundan í vikunni. Eftir áramótin voru stífar æfingar á fjórum lögum fyrir Barnamenningarhátíð í Hörpu á elstu deildum. Sameiginleg söngstund í sal er einu sinni í viku sem Sigga Magga hefur stjórnað. Í Björnslundu er samverustund fyrir hádegismat og eru börnin eru yfirleitt nýkomin inn úr leik sínum í skóginum og því er oftast ró í hópnum, börnin eru einbeitt og móttækileg fyrir því sem tekið er fyrir í samverustundum. Þar eru árstíðirnar teknar fyrir og sungin eru lög sem tilheyra hverri þeirra ásamt því að lesa bækur. Á flestum deildum er til staðar fjölbreyttur efniviður fyrir samverustundir og aðgengilegur öllu starfsfólki.

Leikskólabragur 4.2

Milli barnanna ríkir virðing og samkennd

Við ræðum um virðingu, samkennd, kurteisi og það að tilheyra hópi bæði sem fræðslu og í daglegu starfi og þegar upp koma aðstæður sem kalla á samtal um þetta. Börnin eru dugleg að æfa sig í þessu og taka ávallt leiðbeiningum vel. Upp til hópa er góð samkennd í hópnum og þau eru miklir vinir. Þau bera virðingu fyrir hvort öðru en að sjálfsgöðu kom upp hnökrar sem við þurfum reglulega að grípa inn í. Á einni deild er hugtakið vinaleikskóli mikið notað og börnin tileinka sér það í daglegum samskiptum. Við kennarar tökum samtal reglulega og finnum út hvaða viðbrögð virka gagnvart neikvæðum samskiptum. Við erum óhrædd við að breyta um taktík og finna út hvað það er sem virkar best. T.d að nota jákvæð orð í stað þeirra neikvæðu og tala um „réttu“ hegðunina í stað þeirrar neikvæðu. Eftir veturinn ættu börnin að þekkja hugtökin virðing, samkennd og kurteisi. Hér að neðan má sjá myndir frá vinaverkefnum:



Tækifæri

Uppeldis og menntastarf 2.4

Unnið er reglulega með sögur, söngva og þulur

Á einni deild eru samverustundir ekki reglulega en að meðaltali þrisvar í viku. Á annarri deild er ekki mappa með fjölbreyttu efni til að nota í samverustundum. Starfsfólk er meðvitað um þetta og nú þegar er komið efni í möppu þar sem vantaði.

Leikskólabragur 4.2

Milli barnanna ríkir virðing og samkennd

Á einni deild er sýnilegur árangur í samskiptum sem voru oft á tíðum mjög slæm á milli barnanna og hvernig þau töluðu við starfsfólk. Það var tekið fyrir á deildarfundum hvernig átti samræma viðbrögð starfsfólks og farið var vel yfir agastefnu leikskólans.



6 Umbótaáætlun deilda 2025-2026

Deild/aldur barna	
2.Uppeldis-og menntastarf 	2.4 Námsvið leikskólans- Unnið er markvisst að því að efla heilbrigði og vellíðan og það endurspeglast bæði í námskrá og starfi. Þessi umbótaþáttur tengist einnig menntastefnu Reykjavíkurborgar, Heilbrigði-lífstíll og vellíðan.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að festa betur í sessi hugmyndafræði um hæglæti á öllum deildum.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Stjórnendur og deildastjórar munu funda í ágúst-september þar sem drög verða lögð að vinnu um hæglæti. Hver deild útfærir sína vinnu út frá drögum að loknum flutningum á milli húsa og deilda.
Ábyrgð	Stjórnendur, deildastjórar, hæglætisteymi.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Ágúst 2025-júní 2026.
Hvenær og hvernig á að meta?	Könnun í nóvember og maí, starfsþróunarsamtal í mars.



7 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla almennt út frá umbótaþáttum

leikskólans.

Starfsþróunarsamtöl voru í vor og gengu vel, í þeim kom m.a. fram ánægja starfsfólks með þróunarverkefnið Stillu um hæglæti í leikskólastarfi.

Efni skipulagsdaga og starfsmannafunda miðast við áherslur umbótaáætlunar sem tengist að stærstum hluta endurskoðun námskrár Rauðhóls og þróunarverkefni um hæglæti.

Dagsetning	Efni	Ábyrgð
5. ágúst	Skipulagsvinna á deildum fyrir flutninga á milli húsa/deilda	Stjórnendur og starfsfólk
10.sept.	Fyrirlestur um fordóma og hatursorðræðu frá Barnaheillum, Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir	Verkefnastjóri fjöltyngis
2. okt.	Fyrirlestur frá brúarsmiðum SFS, uppeldislegar skráningar – Kristín Hildur Ólafsdóttir frá SFS	Verkefnastjóri fjöltyngis og verkefnastjóri
3.nóv.	Fræðsla um ADHD í leikskólastarfi. Jóna Kristín Gunnarsd.	Sérkennslustjórar
28. nóv.	Fjarfundur um hæglæti með Alison Clark	Leikskólastjóri
28.nóv.	Fræðsla sem tengist Regnbogavottun leikskólans	Magnea Arnar
6. feb.	Tileinkaður leiknum, námskrárvinna	Leikskólastjóri og starfsfólk
17. mars	Námskrárvinna-útinám	Leikskólastjóri og starfsfólk
24. apríl	Stefnt að námsferð innanlands	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri
14. janúar	Jákvæðni fyrirlestur	Leikskólastjóri



8 Samstarf við Norðlingaskóla

Samstarf Rauðhóls og Norðlingaskóla hefur þróast jafnt og þétt í gegnum árin og er kominn fastur grunnur að því samstarfi. Samvinna er á milli elsta árgangs leikskólans og yngsta árgangs grunnskólans með það að markmiði að kynna umhverfi grunnskólans fyrir leikskólabörnunum. Innangengt er á milli Ævintýra og Norðlingaskóla og teljum við að það sé ávinningur fyrir börnin. Eins höfum við góðan aðgang að skólalóð Norðlingaskóla. Börnin aðlagast betur umhverfi grunnskólans og verður því flutningur á milli skólastiga auðveldari. Samstarfið fer meðal annars fram í smiðjum að vori þar sem fyrsta bekk grunnskólans er boðið yfir í leikskólann og elstu börnin okkar fara í heimsókn í grunnskólann. Í smiðjunum kynnast börnin hinum ýmsu stöðum í Norðlingaskóla og börnin í fyrsta bekk koma aftur á gamlar slóðir í leikskólanum. Sem dæmi má nefna íþróttasal Norðlingaskóla, frístundaheimilið Klapparholt og leik- og kennslustofur Rauðhóls og Norðlingaskóla ásamt gróðurhúsi Rauðhóls. Börnunum er skipt upp í smærri hópa og er einn kennari frá hvorum skóla sem halda sameiginlega utan um hvern hóp.

Nálægð Ævintýra og Norðlingaskóla ýtir undir frekari samvinnu þar sem stutt er að fara á milli. Má þar nefna sýningar á vegum nemenda grunnskólans, nýting á íþróttahúsi, heimsóknir á bókasafn skólans ásamt því að fara út á skólalóð. Einnig koma nemendur af miðstigi í leikskólann og lesa fyrir börnin á degi íslenskrar tungu.

Skilafundir eru að vori þar sem deildarstjórar hitta umsjónarkennara, sérkennara og forstöðumann frístundaheimilis og farið er yfir barnahópin. Þær upplýsingar sem fylgja eru niðurstöður úr HLJÓM-2 prófum og farið er yfir helstu styrkleika, vinatengsl og þá þætti sem þarf að vinna sérstaklega með. Kennarar Norðlingaskóla hafa leitað ráða hjá leikskólakennurum og stuðningsaðilum að hausti til þess að geta stutt betur við nemendur í upphafi grunnskólagöngu.

Smiðjur hjá elstu nemendum Rauðhóls með fyrsta bekk voru í maí, einu sinni í viku á miðvikudögum, í fjögur skipti. Smiðjurnar báru heitið Vorið vaknar og gekk samstarfið vel. Ein smiðja var í gróðurhúsinu/leikskólalóðinni, önnur í einingakubbum, holukubbum og sköpun, þriðja í íþróttum og fjórða í frístundaheimilinu Klapparholti. Fullur vilji er að halda samstarfinu áfram. Við söknum þess að verkefnið Fyrr í frístund sé ekki lengur í boði eins og síðastliðin tvö ár þar sem börnin hættu í Rauðhól í júní og fóru í Klapparholt. Það væri a.m.k. æskilegt að þau færu í Klapparholt eftir sumarlokun Rauðhóls og er þetta mikil afturför.

Sýn elstu barna á leikskólalífið í Rauðhól

„ Mér finnst skemmtilegt að róla og leika í sandkassanum. Mér finnst líka gaman að lita. Maður lærir hvernig maður á að haga sér, maður á að haga sér vel. Góðir kennarar sem passa mann á meðan mömmur og pabbar eru að vinna. Skemmtilegur leikskóli“

„ Gaman hér af því að maður getur leikið sér. Líka gaman að vera úti út af því að það er gott veður. Skemmtilegast er að leika við vini sína. Ég er búin að læra að hlusta og ég er búin að læra að leika og líka ég er búin að læra að meiða ekki“.



9 Foreldrasamvinna

9.1 Foreldrafélag skólaárið 2024 – 2025

Foreldrafélag Rauðhóls er fyrir alla foreldra og forráðamenn barna á leikskólanum Rauðhól. Aðalfundur félagsins var haldinn á haustönn og þar var kosin stjórn fyrir skólaárið 2024–2025. Viðburðir á vegum foreldrafélagsins voru fjölbreyttir: íþróttafjör í fimleikasal Fylkis, íþróttahátíð með Íþróttálfnum og Sollu stirðu, jólaskeiðun í Björnslandi með jólasveinum og sumarhátíð á leikskólanum með sýningu frá leikhópnum Lottu. Auk viðburðanna sá foreldrafélagið um jólagjafir fyrir öll leikskólabörnin og að þessu sinni voru það bækur. Félagið gaf einnig útskriftargjafir til elsta árgangs leikskólans sem voru merktir sundpokar og sápukúlur. Mikil og góð virkni er komin í foreldrafélagið og hafa viðburðir félagsins verið vel sóttir og skapað skemmtilegar samverustundir.

9.2 Foreldraráð skólaárið 2024-2025

Alex Kári Ívarsson

Bergþóra Gná H. Gordon

Pála Margrét Gunnarsdóttir

Lykillinn að vellíðan barna í leikskólanum er farsælt og gott samstarf milli kennara og foreldra. Grunnurinn að þessu samstarfi er lagður með heimsókn til barnanna. Áður en barnið byrjar í leikskólanum fara tveir kennarar saman til að mynda fyrstu tengsl við fjölskylduna á þeirra heimavelli. Með því teljum við að við myndum dýpri og betri tengsl við barnið og foreldrana. Í þessari heimsókn er farið með pappíra til útfyllingar sem eru skildir eftir hjá foreldrum og þeim er skilað í upphafi aðlögunar. Þarna eru meðal annars almennar upplýsingar um barnið, samþykki fyrir myndbirtingum af barninu og samþykki fyrir samstarfi milli leikskóla og heilsugæslu. Einnig er aðlögunaráætlun skilin eftir hjá foreldrum.

Í upphafi skólagöngunnar eru foreldrum veittar upplýsingar um að við störfum samkvæmt aðalnámskrá leikskóla, ásamt skólanámskrá Rauðhóls og starfsáætlun sem er aðgengileg á heimasíðu skólans.

Áhersla er lögð á að gefa foreldrum tíma og hlusta vel á hvað þeir hafa fram að færa ásamt því að við veitum þeim ráð oftast en sjaldnar. Mikilvægt er að við berum virðingu fyrir stöðu allra foreldra. Eins að foreldrar séu upplýstir um að virðing sé borin fyrir öllum í skólanum og þeirra aðstandendum og mikilvægt sé að þeir geri það einnig.





Allt upplýsingaflæði til foreldra er mikilvægur þáttur í foreldrasamstarfi. Að senda glaðlega og innihaldsríka tölvupósta er þar stór þáttur ásamt því að foreldrar fái að skyggast inn í daglegt líf í skólanum. Það er gert með því að senda myndir frá daglegu starfi í gegnum Völu appið ásamt einstaklings upplýsingum eins og við á. Einnig að tími sé vel nýttur þegar verið er að koma með og sækja börnin með því að segja frá einhverjum skemmtilegum atvikum. Eins þarf að komast að samkomulagi við foreldra um hvernig best fari á því að flytja upplýsingar.

Á aðlögunartímabilinu bjóða leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjórar uppá nokkra fámenna fundi með foreldrum þar sem fram fer létt spjall um leikskólastarfið. Árgangafundir að hausti eru einnig mikilvægur þáttur í foreldrasamstarfi. Þar er rætt um áherslur í starfi og helstu viðburði skólaársins. Ef upp kemur óánægja hjá foreldrum varðandi eitthvað sem tengist skólanum eða þeirra barni er mikilvægt að setjast strax niður með þeim og leysa úr málunum og fylgja þeim eftir.

Einu sinni á ári er boðið upp á foreldrasamtal þar sem farið er yfir líðan og almennan þroska barnsins. Í því samtali er stuðst við sömu viðmið og innan heilsugæslunnar. Einnig gefst foreldrum kostur á að koma með athugasemdir eða óskir. Þess á milli er kallað á foreldra í samtali þegar þurfa þykir og geta foreldrar líka óskað eftir samtali hvenær sem er.

Útskriftarviðtal fer fram að vori hjá fimm ára börnum ásamt foreldrum. Fyrir viðtalið eru kennari og barn búin að setjast niður og spjalla saman og undirbúa sig fyrir viðtalið. Í viðtalinu er farið yfir hvernig barninu líður í leikskólanum, vinatengsl, hvað því finnst skemmtilegt að gera og hvort eitthvað vanti. Það er hlustað á raddir barnanna í þessum viðtölum og reynt eftir bestu getu að koma til móts við óskir þeirra.





10 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar og starfsmannafundir 2025-2026

Þeir skipulagsdagar sem eru sameiginlegir með Norðlingaskóla eru 2.október, 28.nóvember og 6.febrúar.

Skipulagsdagar

Haustönn

5. ágúst – þriðjudagur

2. október – fimmtudagur

28. nóvember – föstudagur

Vorönn

6. febrúar – föstudagur

17. mars – þriðjudagur

24. apríl – föstudagur

Starfsmannafundir

13.ágúst-miðvikudagur, þeir sem starfa á Ævintýrunum

10. sept – miðvikudagur

23.sept, þeir sem starfa á Litunum

6. okt. - nýliðafræðsla

3. nóvember - mánudagur

14. janúar – miðvikudagur

28. janúar- nýliðafræðsla

11. júní - fimmtudagur

Sumarlokun 2026 verður 6.júlí – 4.ágúst, báðir dagar meðtaldir.





Fylgiskjöl

F. h. leikskólans

Leikskólastjóri

Dagsetning





Fylgiskjal

Starfsáætlun 2024 – 2025 Nafn leikskóla

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

XXXXX XXXXX
XXXXX XXXXXXXX
XXXXX XXXXXXXX





Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun leikskólans

Samræmast áherslur starfsáætlunar starfi leikskólans síðasta árs?

Já, hún lýsir vel starfinu sem fór fram og áherslur á því.

Er starfsáætlunin aðgengileg og auðlesanleg?

Jú hún er það.

Er starfsáætlunin góð innsýn inn í starfið fyrir foreldra?

Já hún er það.

Eru einhverjar athugasemdir við starfsáætlunina?

Gaman að sjá mun á líðan hjá starfsfólki á milli ára.

Fulltrúar í foreldraráði:

Alex Kári Ívarsson

Bergþóra Gná H. Gordon

Pála Margrét Gunnarsdóttir

Undirskrift fulltrúa í foreldraráði





Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu

Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráðs til samþykktar.





Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.



